

# Hvalstöðin í Hellisfirði



Í baksýn eru Barðnesfjöll sunnan Norðfjarðarflóa.

Frá vinstri: Afréttarskarð, Sandfell, (sama fjall heitir Heppa, séð frá Sandvík), Síðuskarð og Síðuröð með Dagmaálatindi og Hrafnatindum inn undir Sandvíkurskarð, sem er í hvarfi á bak við Viðfjarðarnesið, lengst til hægri á myndinni.

Myndin er úr safni DANIEL BRUUN. Örn og Örlygur lánuðu myndina.

Menn hafa veitt smáhveli frá ströndum landa sinna frá alda öðli. Aðallega var hvalurinn veiddur vegna kjötsins og lýsisins. Einnig voru tennur og skíði markaðsvara.

Síðar hófust veiðar á þar til gerðum hvalbátum sem siglt var langt á haf út. Þá voru hvalirnir veiddir með skutli sem skotið var af byssu og línan rann út svo dýrið átti enga undankomuleið. Voru hvalirnir dregnir að síðu bátsins og farið með þá til hvalstöðvar, þar sem þeir voru flensaðir niður. Hvalkjöt, lýsi, mjöl, tennur og skíði voru afurðir veiðanna.

Fyrsta hvalstöð á Íslandi var reist við Seyðisfjörð. Þar voru á ferð Ameríkumennirnir Roys og Lilliendal og ráku þeir stöðina 1865-1867. Det Danske Fiskeriselskab reisti hvalstöð á Djúpavogi og var sú stöð rekin frá 1865 til 1871. Á sama tíma ráku þeir hvalstöð á Hvaleyri við Hafnarfjörð.

Eftir það verður hlé á hvalveiðum við Austurland, en 1883-1897 voru reistar nýu hvalstöðvar á Vestfjörðum. Voru hvalir þá veiddir af slíku kappi að veiðarnar voru hættar að vera arðbærar um aldamótin 1900.

Fluttu hvalveiðimenn sig þá aftur austur á firði. Voru þessar hvalstöðvar reistar þar:

Hans Ellefsen Mjóafirði	1900-1912
Victor (Victoria)	1912-1913
- Mjóafirði	1900-1913
Bræðurnir Bull (Chr. Salversen & co)	1906-1913
Germanía (Fögurøyri)	1900-1913
- Fáskrúðsfirði	1903-1905
Íslenska hvalstöðin (Ásgeirsson)	
- Eskifirði	1904-1913

Hvalveiðarnar gengu vel í fyrstu fyrir austan. T.d. veiddust 1192 hvalir árið 1901 og 1305 hvalir 1902. Árið 1911 veiðast hins vegar 22 hvalir og 13 árið 1913.

Þegar svona var komið fóru hvalveiðimenn til Falklandseyja og Argentínu og héldu sama hætti þar við veiðarnar.

Í bók sinni DET HØJE NORD sem út kom árið 1902 segir Daniel Bruun svo frá á bls. 94 um hvalstöðina í Hellisfirði:

"Þegar báturinn sem flutti mig nálgæðist hvalstöðina, sigldum við í gegnum blóðlitadan sjóinn. Óþægilegan óðaun frá reykháfnum lagði á móti okkur, og þegar ég sté á land var allt í umhverfi stöðvarinnar þak-

ið í hálu, feitu slýi. Fyrir ofan hvalstöðvarbygginguna var íbúðarhús yfirmannsins, þar sem hann tók vingjarnlega á móti okkur.

Þegar við komum hafði Bull ekki tekist að klára vinnslusalinn og beinamjölsverksmiðjuna, því mikið hafði veiðst af hval og hann varð að láta starfsfólkið vinna við að flensa hvalinn í bugtinni.

Ég mun aldrei gleyma þeirri sjón, sem ég horfðist í augu við. Nálægt hundrað af þessum risadýrum hafsin lágu hér bundin við línur til lands. Hæg undiralda bærdi hvalaskrokkana rólega upp og niður, og óþægilegan daun lagði frá þeim. Það getur verið óþægileg tilfinning að sjá hundrað dauða skrokka í svínasláturhúsi; en svona risaslátrun eins og hér er, þar sem stærstu dýrum hafsin er slátrað eins og á færibaldi virkar ennþá óhuggulegri, svo maður getur ekki bægt þeirri hugsun frá að við mennirnir séum verstir allra rándýra".

Heimild: Joh. N Tønnessen: Den moderne hvalfangsts historie. Sandefjord 1967.